



REGLUR SÖNGVAKEPPNINNAR 2019

Dagskrárdeild RÚV

Efnisyfirlit

1. Söngvakeppnin - lýsing	3
1.1. Hvað er Söngvakeppnin?.....	3
1.2. Fyrirkomulag	3
1.3. Val á vinningslagi.....	3
1.4. Framkvæmdastjórn	3
2. Þátttökuskilyrði	3
2.1. Höfundar	3
2.2. Lög og textar	3
2.3. Tungumál	3
2.4. Listamenn og framkoma	3
3. Val á lögum í keppnina	4
3.1. Fyrirkomulag valsins.....	4
3.2. Innsendingar laga	4
3.3. Fjöldi laga	4
3.4. Skráning upplýsinga	4
3.5. Lagatextar.....	4
3.6. Meðferð innsendra laga	4
4. Forval laga	4
4.1. Samsetning valnefndar.....	4
4.2. Framkvæmd við val á lögum	4
4.3. Tilkynning til höfunda.....	5
4.4. Þátttökueyðublað og samningur	5
4.5. Opinberun lagavals.....	5
5. Undirbúningur og framleiðsla	5
5.1. Framleiðsla lags.....	5
5.2. Þátttakendur á sviði	5
5.3. Greiðslur til þátttakenda	5
5.4. Ákvörðunarvald	5
6. Dómnefnd og símakosning	6
6.1. Samsetning dómnefndar	6
6.2. Vægi dómnefndar	6



6.3. Störf dómnefndar	6
6.4. Fyrirkomulag við jafntefli	6
7. Skuldbindingar höfunda	6
7.1. Leyfi þátttakenda	Error! Bookmark not defined.
7.2. Samningar við þriðja aðila	6
7.3. Þátttaka í ESC 19	6
8. Réttindamál	6
8.1. Eignarréttur RÚV og EBU	6
8.2. Eignarréttur höfunda	7
8.3. Útgáfuréttur	7
9. Kynningarstarf	7
9.1. Markaðssetning	7
9.2. Kostun og auglýsingar	7
9.3. Spilun og framkoma	7
10. Ýmis mál	8
10.1. Verðlaun	8
10.2. Siðferði	8
10.3. Brot á reglum	8
10.4. Undirskrift	8
10.5. Gildistími reglna	8

1. Söngvakeppnin - lýsing

1.1. Hvað er Söngvakeppnin?

Söngvakeppnin er íslensk lagakeppni haldin af Ríkisútvarpinu ohf. (hér eftir nefnt RÚV). Í Söngvakeppninni 2019 er valið það lag sem verður framlag Íslands í forkeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2019 (Eurovision Song Contest 2019, hér eftir nefnt ESC 19) sem fram fer í Tel Aviv í maí 2019.

1.2. Fyrirkomulag

Söngvakeppnin 2019 fer fram í þremur beinum útsendingum í mynd-, hljóð- og rafrænum miðlum RÚV. Tvær forkeppnir (Háskólabíó) og úrslit (Laugardalshöll). RÚV auglýsir eftir lögum í september 2018 og valin verða tíu lög til þess að taka þátt í forkeppninni. Fimm lög keppa hvort kvöldið í forkeppninni og tvö komast í úrslit í hvorri þeirra. Alls keppa því fjögur lög á úrslitakvöldi Söngvakeppninnar að óbreyttu. Framkvæmdastjórn keppninnar hefur þó möguleika á að hleypa einu lagi til viðbótar áfram, telji hún það eiga sérstakt erindi í úrslit. Ef til þess kemur fjölgar lögum um eitt á úrslitakvöldi Söngvakeppninnar 2019.

1.3. Val á vinningslagi

Ráðgefandi lagavalnefnd og framkvæmdastjórn keppninnar velja lög 10 sem keppa í forkeppninni, sbr. gr. 4.1. Almennigur kys í forkeppninni í hreinni símakosningu meðan á beinni útsendingu stendur. Í úrslitum er einnig starfandi dómnefnd og er vægi hennar 50% á móti 50% vægi símakosningar almennings. Tvö efstu lög in samanlagðri niðurstöðu þessara tveggja skulu flutt aftur og kosið verður aftur á milli þeirra tveggja. Það lag sem fær flest atkvæði sigrar í Söngvakeppninni 2019. Þessi grein er birt með fyrirvara um mögulegar breytingar.

1.4. Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn Söngvakeppninnar fer með öll helstu málefni hennar, svo sem endurskoðun á reglum og fyrirkomulagi keppninnar, ráðningu listrænna stjórnenda, endanlegt val á þáttökulögum sem og að meta og taka ákvarðanir í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma í undirbúnings- og framkvæmdaferli keppninnar.

2. Þáttökuskilyrði

2.1. Höfundar

Þáttökurétt hafa þeir laga- og textahöfundar sem hafa íslenskt ríkisfang og/eða eru búsettir með lögheimili á Íslandi frá og með 1. september 2018 og fram yfir ESC 19. Uppfylli þátttakendur ekki þessi skilyrði teljast höfundarverk þeirra ekki tæk í keppnina.

Þátttakendum er þó heimilt að vinna lög og texta í samvinnu við aðra, þ.m.t. þá sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, þannig að tveir þriðju hlutar lagsins og helmingur texta séu eftir íslenska höfunda. Fastráðnum starfsmönnum Ríkisútvarpsins ohf. á ofangreindu tímabili er ekki heimilt að taka þátt í Söngvakeppninni 2019.

2.2. Lög og textar

Innsend lög og textar skulu vera ný og óútgefin höfundarverk. Lög sem taka þátt í keppninni mega ekki vera lengri en 3 mínútur. Hvorki lag né texti má undir nokkrum kringumstæðum hafa komið út á einka- eða markaðshljóðriti, þ.m.t. á hljómplötu, geisladiski, myndbandi, í kvikmynd, á netinu eða neinu öðru útgáfuformi. Textinn má ekki hafa verið birtur opinberlega, s.s. á prenti, á netinu eða annars staðar. Lag og texti mega ekki hafa verið flutt í útvarpi, sjónvarpi, á sviði, á netinu eða á opinberum samkomum. Framkvæmdastjórn Söngvakeppninnar hefur fullt vald til þess að meta hvort innsent framlag uppfylli ofangreind skilyrði eða ekki. Komi upp vafamál í þessu samhengi hefur framkvæmdastjórn keppninnar úrslitavald og gildir úrskurður hennar.

2.3. Tungumál

Öll lög í forkeppni Söngvakeppninnar 2019 skulu flutt á íslensku. Á úrslitakvöldi keppninnar skulu öll lög, sem valin hafa verið áfram í úrslit, flutt á því tungumáli sem höfundur hyggst flytja lagið á í ESC 19 í Tel Aviv, verði lag hans fyrir valinu. Endanleg ákvörðun um tungumál skal tekin í samráði við framkvæmdastjórn keppninnar.

2.4. Listamenn og framkoma

Fjöldi þátttakenda á sviði skal vera að hámarki sex manns hvort heldur er í Söngvakeppninni eða ESC 19 og skulu þátttakendur á sviði hafa náð 16 ára aldri eigi síðar en í árslok 2018.

Allur undirleikur verður tekinn upp fyrirfram og leikinn af stafrænu tæki í undankeppni og úrslitum Söngvakeppninnar. Því verður ekki lifandi hljóðfæraleikur á sviði. Allur söngur, bæði forsöngur og bakraddir, skal þó vera í lifandi flutningi og óheimilt er að nota nokkurs konar raddlíkingar eða endurspilaðar raddir í keppninni.

3. Val á lögum í keppnina

3.1. Fyrirkomulag valsins

Tíu lög taka þátt í Söngvakeppninni 2019. Lög in verða valin úr innsendum lögum, eins og undanfarin ár (sbr. liður 3.2), en að auki verður leitað til ákveðinna höfundar og þess óskað að þeir verði með í keppninni. Framkvæmdastjórn keppninnar ákveður hverjir þessir höfundar í samráði við tónlistarstjóra keppninnar.

3.2. Innsendingar laga

Framlagi þátttakenda í Söngvakeppnina skal hlaðið upp rafrænt á vefsvæði RÚV, www.ruv.is/songvakeppnin fyrir kl. 23.59, mánudaginn 22. október 2018. Ekki verður hægt að hlaða upp lagi eftir þann tíma. Framlög þátttakenda, sem berast RÚV á innsendingartímabilinu en uppfylla ekki reglur keppninnar, teljast ekki gjaldgeng og koma þar af leiðandi ekki til greina í vali í forkeppni Söngvakeppninnar.

Framlög sem hlaðið er upp á vefsíðu RÚV þurfa ekki að vera tilbúin í endanlegri útgáfu né heldur þurfa að vera flutt af endanlegum flytjanda. Þau þurfa þó að gefa greinilega til kynna hvernig lag og laglína hljómar með undirspili ásamt einni eða fleiri söngroddum. Ef lag kemst áfram skal höfundur í samstarfi við RÚV fullvinna lagið með þeim flytjanda sem valinn verður. Þá er einnig leyfilegt að senda inn hljóðútgáfu af laginu á öðru tungumáli en íslensku, en þó þannig að uppkast að íslenskum söngtextum fylgi með sbr. gr. 3.5.

3.3. Fjöldi innsendra laga

Hver lagahöfundur má að hámarki senda tvö lög í keppnina. Textahöfundum er þó heimilt að vera höfundar/meðhöfundar að fleiri en tveimur textum.

3.4. Skráning upplýsinga

Þegar lagi er hlaðið upp skal einnig skrá helstu upplýsingar um lag og höfundar, þ.m.t. heiti lags, dulnefni höfundar, nafn sendanda og nafn höfundar ásamt kennitölu, heimilisfangi, símanúmeri og netfangi. Mikilvægt er að höfundur/-ar velji sér dulnefni þar sem ráðgefandi lagavalnefnd fær aðeins uppgöfin dulnefni og nöfn laga í valferlinu.

3.5. Lagatextar

Allir höfundar skulu hlaða upp uppkasti að íslenskum söngtexta og merkja við hvort höfundur hyggst flytja lag á íslensku eða öðru tungumáli, komist það í úrslit. Endanleg ákvörðun um tungumál í úrslitum er síðar tekin í samráði við framkvæmdastjórn keppninnar. Liggja erlendur texti fyrir við innsendingu lags er höfundur frjálst að láta hann fylgja með umsókn en endanlegur erlendur texti skal vera samþykktur af framkvæmdastjórn keppninnar áður en upptökur á masterum hefjast (sjá gr. 5.1.).

3.6. Meðferð innsendra laga

Allir sem senda inn lag en komast ekki áfram í keppnina verða látnir vita með tölvupósti í síðasta lagi 15. desember 2018. Eftir það er höfundum þeirra laga frjálst að nota lög sín á öðrum vettvangi. RÚV eyðir öllum innsendum framlögum sem ekki eru valin til þátttöku.

4. Forval innsendra laga

4.1. Samsetning ráðgefandi valnefndar

Framkvæmdastjórn keppninnar skipar sjö manna ráðgefandi valnefnd í samráði við FTT (Félag tónskálda og textahöfundar) og FÍH (Félag íslenskra hljómlistarmanna) sem fer yfir innsend lög og skilar af sér álit til framkvæmdastjórnar keppninnar. Það er trúnaðarmál hvernig valnefnd er skipuð en fulltrúum er skipt út á hverju ári.

4.2. Framkvæmd við val á lögum



Valnefnd kemur saman og hlustar á öll innsend lög. Valnefndin fær eingöngu vitneskju um dulnefni höfunda og heiti laga og kys hver nefndarmaður út frá eigin sannfæringu. Þegar vinnu valnefndar lýkur liggur fyrir listi með þeim lögum sem fengu flest atkvæði nefndarinnar. Framkvæmdastjórn tekur svo endanlega ákvörðun um hvaða lög verða valin til þátttöku í keppninni. RÚV áskilur sér rétt til að setja sig í samband við lagahöfunda og óska eftir lögum frá þeim, til viðbótar við innsend lög í keppnina.

RÚV hvetur höfunda af báðum kynjum til að taka þátt í keppninni og einsetur sér að leita leiða til að tryggja sem jöfnust kynjahlutföll varðandi dagskrárgerð í tengslum við Söngvakeppnina í samræmi við yfirlýst markmið RÚV í jafnréttismálum.

4.3. Tilkynning til höfunda

Þegar valnefnd hefur skilað álitinu sínu til framkvæmdastjórnar og lögin hafa verið valin verður haft samband við höfunda þeirra laga. Fundað verður með höfundum, þeim gerð nánari grein fyrir reglum, framgangi mála, undirbúnings- og upptökufærli auk tilhögunar forkeppni og úrslita.

4.4. Þátttökueyðublað og samningur

Höfundar þeirra laga, sem valin verða til þátttöku í undankeppni Söngvakeppninnar, þurfa að skila inn þátttökueyðublaði með gildum undirskriftum allra laga- og textahöfunda í síðasta lagi 7 dögum eftir að þeim hefur verið boðin þátttaka.

Séu fleiri en einn höfundur að einu lagi skulu höfundar velja einn fulltrúa til að fara með samningsumboð og vera tengiliður höfundahópsins. Sami aðili skrifar undir bindandi samning við RÚV um framleiðslu laga og þátttöku þess í Söngvakeppninni 2019 fyrir hönd hópsins.

4.5. Opinberun lagavals

RÚV tilkynnir opinberlega heiti laga og nöfn höfunda og flytjenda. Fram að þeim tíma er val á lögum og þátttakendum trúnaðarmál. Eftir tilkynningu RÚV um þátttakendur geta laga- og textahöfundar ekki dregið sig eða viðkomandi lög og texta úr keppninni.

5. Undirbúningur og framleiðsla

5.1. Framleiðsla laga

Þegar lag hefur verið valið til þátttöku velja höfundar endanlega flytjendur í samráði við RÚV og hefjast handa við gerð lokaútgáfu laga.

Skila þarf upptökum af laginu fullunnu samkvæmt neðangreindu í síðasta lagi fyrir **7. desember 2018**:

- 1) Fullunnum "master" til útgáfu á og dreifingar á íslensku (með hljóðfærleik, aðalsöng og bakröddum).
- 2) "Karóki-útgáfu" á íslensku til útgáfu og dreifingar (aðeins með undirspili ásamt bakröddum).
- 3) Undirspil / „Play-back“ "master" til að nota sem undirleik í útsendingu (aðeins með hljóðfærleik, ekki söng eða bakröddum).
- 4) Hafi höfundur í samráði við framkvæmdastjórn keppninnar ákveðið að flytja lagið á öðru tungumáli en íslensku í úrslitum keppninnar skal höfundur einnig skila fullunnum "master" og "karóki-útgáfu" lagsins á því tungumáli (sbr. tölulíð 1 og 2 hér að ofan).

5.2. Þátttakendur á sviði

Meðfram ofangreindu þarf að velja þátttakendur á sviði (að hámarki sex talsins) og sviðsetja atriðið fyrir forkeppnina sem verður í beinni útsendingu í sjónvarpi. Fagfólk á vegum RÚV veitir ráðgjöf og leiðsögn við framleiðslu laga og undirbúning atriðis og hefur úrslitavald um sviðsetningu þess.

5.3. Greiðslur til þátttakenda

RÚV greiðir fyrir framleiðslu, undirbúning og þátttöku laga út frá fyrirfram ákveðnum töxtum sem eru nánar útlistaðir í samningi við höfunda.

5.4. Ákvörðunarvald

RÚV hefur endanlegt ákvörðunarvald um val á flytjendum, framleiðslu sjónvarpsþátta, tilhögun kynningarefnis, skipulagningu, sviðsetningu og framsetningu atriða og alla opinbera spilun. Undir þetta fellur t.d. skipan hljóðfærleikara, uppröðun á sviði, allar sviðshreyfingar, búningar, stílisering, leikmunir á sviði, myndvinnsla,



lýsing, öll hljóðvinnsla í sal, á sviði eða í útsendingu og annað sem tilheyrir keppninni. Komi upp ágreiningur eða vafamál í tengslum við val á flytjendum eða útfærslu atriðis gildir tillaga RÚV. Náist ekki samkomulag um þessi atriði hefur RÚV fullt leyfi til að vísa lagi úr keppni og velja annað í þess stað.

6. Dómnefnd og símakosning

6.1. Samsetning dómnefndar

RÚV skipar dómnefnd sem starfar aðeins í úrslitum Söngvakeppninnar. Í dómnefnd situr fagfólk með sérhæfingu á sviði tónlistar, svo sem laga- eða textahöfundar, söngvarar, hljóðfæraleikarar, upptökustjórar, plötusnúðar eða aðrir sem hafa atvinnu af tónlist eða tónlistarsköpun. Gæta skal jafnvægis í kynjahlutföllum, aldri og bakgrunni þeirra sem sitja í dómnefnd.

Fulltrúar í dómnefnd mega ekki hafa nán tengsl við höfunda eða flytjendur og ekki hafa unnið við gerð þeirra laga sem keppa til úrslita í Söngvakeppninni 2019. Þeir skulu kjósa eftir eigin sannfæringu og ávallt hafa faglegt mat að leiðarljósi. Nöfn dómnefndarmanna verða gerð opinber fyrir úrslitakvöld Söngvakeppninnar.

6.2. Vægi dómnefndar

Vægi dómnefndar er 50% á móti 50% vægi símakosningar almennings í fyrri kosningu í úrslitum Söngvakeppninnar.

6.3. Störf dómnefndar

Dómnefnd horfir á lokarennslu og metur atriðin þá (ekki á lokakeppninni sjálfri). Hver dómnefndarmaður greiðir atkvæði og skilar niðurstöðum til framkvæmdastjórnar keppninnar.

Komi upp tæknileg vandamál á lokarennslu sem ekki næst að leysa og sem hafa áhrif á möguleika dómnefndar til að meta atriðin á jafnréttisgrundvelli skal atriði flutt aftur ef mögulegt er eða dómnefnd gert að horfa á beina útsendingu um kvöldið og kjósa aftur strax að flutningi loknum. Framkvæmdastjórn keppninnar tekur ákvarðanir um slík mál í samráði við útsendingarteymi Söngvakeppninnar og dómnefnd.

6.4. Fyrirkomulag við jafntefli

Ef tvö eða fleiri lög eru jöfn eftir að stig allra dómnefndarmanna hafa verið talin saman skal kosið aftur um hvort laganna skuli vera ofar. Sé enn jafnt eftir það skal yngsti dómnefndarmaður hafa úrslitavald.

Verði tvö eða fleiri lög jöfn þegar samanlögð niðurstaða dómnefndar og símakosningar er tekin saman, skal það lag vera efst sem fékk flest atkvæði úr símakosningu.

Komi til þess að lög tvö sem keppa í einvíninu á úrslitakvöldinu verði jöfn gildir fyrri kosning kvöldsins.

7. Skuldbindingar höfunda

7.1. Samningar við þriðja aðila

Samningar lagahöfunda, textahöfunda eða flytjenda við plötuútgáfur, umboðsmenn, kostendur eða aðra hafa ekki nein áhrif á vinnslu, framleiðslu, dagskrárgerð eða annað sem tengist keppninni. Höfundar, flytjendur og aðrir þátttakendur, þ.m.t. plötuútgefendur, umboðsmenn og aðrir þurfa að fallast í einu og öllu á skilmála og reglur RÚV og Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva (hér eftir nefnt EBU) varðandi keppnina.

7.2. Þátttaka í ESC 19

Höfundur/höfundar vinningslags Söngvakeppninnar 2019 skuldbinda sig til þátttöku í ESC 19 í Tel Aviv, en flytjendur lagsins verða ekki sjálfkjörnir fulltrúar Íslands né heldur aðrir listamenn sem fram komu í atriðinu. Strax að lokinni Söngvakeppni fer í gang nýtt ferli þar sem RÚV velur, að höfðu samráði við höfund/höfunda lagsins, það listafólk sem tekur þátt í ESC 19 fyrir hönd Íslands, hvort sem það er einstaklingur, sönghópur, tónlistarfólk, dansarar eða aðrir. Þeir sem verða fyrir valinu samþykkja að hlíta öllum reglum og skilmálum sem RÚV og EBU setja í tengslum við keppnina eða fyrirgera rétti sínum til þátttöku ella.

8. Réttindamál

8.1. Eignarréttur RÚV og EBU



RÚV eignast allar hljóð- og myndupptökur sem til verða vegna þátttöku laga í Söngvakeppninni og á allan og ótakmarkaðan flutnings- og útgáfurétt á þeim upptökum, til beinnar útsendingar eða til notkunar síðar, hvort heldur er í sjónvarpi, hljóðvarpi, á netinu eða í öðrum miðlum, í þáttagerð eða með hvaða öðrum hætti sem er, hvenær sem er, á meðan Söngvakeppnin og ESC 19 stendur og eftir að þeim lýkur.

EBU á einnig fullan rétt til að nýta opinbera framkomu og allar upptökur þeirra laga sem taka þátt í Söngvakeppninni og einkum sigurlagsins sem verður fulltrúi Íslands í ESC 19 samkvæmt reglum EBU. Gerður verður sérstakur útgáfusamningur í tengslum við ESC 19 vegna sigurlagsins í Söngvakeppninni 2019. Sá samningur verður nánar kynntur höfundum sem valdir verða til þátttöku í Söngvakeppninni.

8.2. Eignarréttur höfunda

Höfundur/höfundar eiga allan höfundarrétt á lögum sínum og textum og bera sjálfir ábyrgð á að skrá lag og eignaskiptingu þess til STEFs, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar. Öll stefgjöld renna óskipt til höfunda en vegna samninga RÚV við STEF kemur ekki til sérstakrar greiðslu beint frá RÚV til tónskálda. RÚV greiðir stefgjöld af allri notkun í útvarpi og sjónvarpi til STEFs, sem síðar úthlutar greiðslum til höfunda og eigenda flutningsréttar út frá notkun.

8.3. Útgáfuréttur

Allir þátttakendur, lagahöfundar, textasmiðir og flytjendur gangast undir þá skuldbindingu með þátttöku sinni í Söngvakeppninni 2019 að tónlist þeirra og flutningur verði gefin út á hverskonar formi, eða í hverjum þeim miðli sem RÚV kys að gera sjálft eða í samvinnu við útgáfufyrirtæki.

Sigurvegarar í Söngvakeppninni 2019 (höfundar, flytjendur og aðrir þátttakendur) gangast undir skilmála EBU um að viðkomandi lag og texti í endanlegri gerð komi út á safnplötu (eða öðru útgáfuformi) ESC 19, myndband og sviðsflutningur í Tel Aviv komi út á DVD disk (eða öðru útgáfuformi) ESC 19 og allt kynningarefni, ljósmyndir og annað efni sem útbúið verður í tengslum við keppnina sé nýtt að fullu á hvern þann hátt sem reglur EBU kveða á um.

Að keppni lokinni er höfundi/höfundum frjálst að taka upp og gefa út aðrar útgáfur af lagi sínu á eigin kostnað. Höfundur/höfundar geta einnig fengið leyfi að nýta hljóðversupptöku sem framleidd var fyrir keppnina að keppninni lokinni en þurfa að fá formlegt leyfi frá RÚV.

9. Kynningarstarf

9.1. Markaðssetning

Markaðssetning og kynningarstarf vegna laga í keppninni verður samhæft í samráði RÚV við höfunda. Höfundar og flytjendur þurfa að vinna náið með dagskrárdeild, nýmiðladeild og kynningardeild RÚV og vera tilbúnir til að taka þátt í myndatökum, viðtölum í útvarpi, sjónvarpi og öðrum miðlum, áritunum og öðrum upþakomum sem tengjast kynningum á lögum og þátttakendum í Söngvakeppninni 2019.

9.2. Kostun og auglýsingar

Kostun vegna sviðsetningar, búninga flytjenda eða annars sem tengist flytjendum eða höfundum á persónulegum eða opinberum vettvangi í tengslum við keppnina er ekki leyfileg, nema með formlegu leyfi RÚV.

Heiti, merki, líkingar eða önnur einkenni Söngvakeppninnar og ESC 19 má ekki undir neinum kringumstæðum nota í kynningar- eða auglýsingaskyni, hvort sem um opinberar birtingar, útgáfur eða hvað annað er að ræða, án undangenginna samninga og skriflegs leyfis RÚV og EBU.

9.3. Spilun og framkoma

Þau lög og textar, sem valin verða til þátttöku í Söngvakeppninni 2019, má **ekki á neinn hátt** flytja eða birta opinberlega, á hljóðriti, á netinu eða í neins konar miðli, fyrr en eftir fyrstu spilun og kynningu í miðlum RÚV. RÚV stýrir opinberum flutningi laganna í eigin miðlum fram að keppni. Eftir frumflutning laganna á RÚV er höfundum frjálst að spila, flytja eða kynna (þó ekki selja) lög sín á opinberum vettvangi, í öðrum miðlum eða með hverjum þeim hætti sem þeir kjósa.



Höfundum er einnig frjálst að kynna aðrar útgáfur af lögum sínum hvenær sem er eftir opinberan frumflutning þeirra á RÚV, svo sem endurblandaða útgáfu (remix), lifandi (live) útgáfu, útgáfu með erlendum texta o.s.frv. RÚV leggur þó alltaf áherslu á opinbera útgáfu af laginu í allri spilun og **öll lög þurfa að vera flutt á íslensku í forkeppinni.**

Allar meiriháttar ákvarðanir skulu ræddar við framkvæmdastjórn keppinnar og henni gerð grein fyrir með hvaða hætti höfundar hyggjast kynna lög sín. Gæta þarf háttsemi í hvívetna og hafa hugfast að höfundar og flytjendur eru fulltrúar RÚV meðan á keppni stendur.

10. Ýmis mál

10.1. Verðlaun

Höfundur/ar sigurlagsins fá **eina milljón króna** í verðlaun.

10.2. Siðferði

Höfundar og þátttakendur þurfa að heita því að halda trúnað og hafa ekki í frammi ósæmilega hegðun sem getur sært blygðunarkennd áhorfenda eða annarra þátttakenda eða komið óorði á Söngvakeppnina, RÚV eða ESC. Textar, ræður eða látbragð/sviðshreyfingar af pólitískum eða svipuðum toga eru ekki leyfilegar í Söngvakeppninni eða ESC 19. Það sama á við um gróf blótsyrði eða annað óviðeigandi orðbragð í lagatextum. Einnig er óheimill allur áróður eða annað í þeim dúr í lagatextum eða sviðsetningu laga í Söngvakeppninni eða í ESC 19. Brot á þessari reglu getur leitt til brottvísunar úr keppni.

10.3. Brot á reglum

Komi til þess að þátttakendur, flytjendur, höfundar laga eða texta eða aðrir sem tengjast flutningi laganna brjóti reglur keppinnar, hvort heldur er reglur Söngvakeppinnar 2019 eða ESC 19, áskilur RÚV sér fullt vald til að útiloka viðkomandi frá frekari þátttöku án þess að til komi nokkur greiðsla eða bætur. Hafi viðkomandi þegar hlotið einhverjar greiðslur af hálfu RÚV eða samstarfsaðila, áskilur RÚV sér rétt til að krefjast fullrar endurgreiðslu og/eða bóta.

Við brot á reglum um útgáfu, sem og öðrum reglum Söngvakeppinnar 2019, er orsakast af samningi söngvara/flytjanda við þriðja aðila (t.a.m. útgáfufyrirtæki), ber söngvarinn/flytjandinn einn alla ábyrgð á þeim kröfum sem fram kunna að koma frá þriðja aðila. RÚV tekur enga ábyrgð á því samningsbroti og ber engan kostnað vegna þess.

10.4. Undirskrift

Lagahöfundur/-höfundar og textahöfundur/-höfundar skuldbinda sig með undirskrift sinni á þáttökueyðublaði til að hlíta þessum reglum og reglum ESC 19 í einu og öllu.

10.5. Gildistími reglna

Þessar reglur eru settar af RÚV og taka gildi 19. september 2018. RÚV áskilur sér fullan rétt til að breyta reglunum, túlka þær nánar og skera úr um öll vafaatriði sem upp kunna að koma.

Framkvæmdastjórn Söngvakeppinnar 2019

Dagskrárdeild RÚV

September 2018